


Er raunfærnimat eitthvað fyrir þig?

- ▶ Hefur þú unnið við verslun í 3 ár eða lengur?
- ▶ Ertu orðin/n 23 ára?
- ▶ Viltu bæta við menntun þína?
- ▶ Viltu styrkja stöðu þína á vinnumarkaði?

Náms- og starfsráðgjafar
hjá Mími-símenntun
veita frekari upplýsingar



Ofanleiti 2 - 103 Reykjavík - Sími: 580 1800 - www.mimir.is



Raunfærnimat í verslunarfagnámi

Mat og staðfesting á þekkingu og reynslu af störfum í verslun og þjónustu



▶ Hvað er raunfærnimat?

Raunfærnimat er ferli þar sem metin er þekking og færni á ákveðnu sviði, svo sem reynsla af starfi, námi eða félagsstörfum. Markmiðið með matinu er að einstaklingur fái viðurkennda raunfærni sem hann býr yfir á ákveðnum tíma.

Tilgangur raunfærnimats er að gefa út staðfestingu sem einstaklingur getur notað til:

- ▶ **styttingar á námi**
- ▶ **að sýna fram á reynslu og færni í starfi eða í atvinnuumsókn**
- ▶ **að leggja mat á hvernig einstaklingur getur styrkt sig í námi eða starfi**

Raunfærnimat með hliðsjón af námsskrá veitir tækifæri til að fá metna reynslu og færni sem jafngilda námsáfangu svo að viðkomandi þurfi ekki að sækja nám í því sem hann þegar kann.

Raunfærnimat með hliðsjón af færnikröfum ákveðinna starfsgreina veitir tækifæri til að fá metna reynslu og færni sem starfssviðið krefst.

▶ Raunfærnimat í verslunarfagnámi

Í raunfærnimati verslunarfagnáms er lagt mat á reynslu og þekkingu í samanburði við námsskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Verslunarfagnám er starfstengt nám á framhaldsskólastigi (51 eining) sem miðar að því að auka verslunarfærni og persónulega færni starfsfólks til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni í nútímaverslun. Nánari upplýsingar um námsbrautina má finna á www.frae.is.

Að mati loknu fá þátttakendur staðfestingu á matinu og þeim, sem þess óska, er boðið að taka þá áfanga sem upp á vantar til að ljúka námsleiðinni.

Áhugasamir hafi samband við náms- og starfsráðgjafa Mímis-símenntunar.



▶ Ferill í raunfærnimati

▶ **Bóka viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa**

Í viðtalinu fær þátttakandi kynningu á hvernig raunfærnimatið fer fram og skoðað er hvort viðkomandi eigi erindi í matið.

▶ **Færnikráning og sjálfsmat**

Færnikráning: Skráning á reynslu, fyrra námi, námskeiðum og annarri þekkingu sem hver og einn býr yfir.

Sjálfsmat: Þátttakandi leggur mat á hæfni sína út frá viðmiðum í gildandi námsskrá.

Að þessu loknu er ákveðið hvaða áfangar verða til mats hjá viðkomandi.

▶ **Matið**

Matið byggir á samtali milli einstaklings og matsaðila ásamt fyrirbyggjandi gögnum. Í matsviðtalinu er lögð áhersla á að þátttakandi fái tækifæri til að koma þekkingu sinni á framfæri með mismunandi leiðum.

Ef niðurstöður matsins eru á þann veg að einstaklingur standist áfangann þá er þeim námsþætti lokið.

▶ **Að loknu raunfærnimati**

Farið er yfir niðurstöður með þátttakanda og hann fær í hendur staðfestingu á hvaða áföngum og einingum er lokið.

Að lokum er viðtal við náms- og starfsráðgjafa um framhaldið t.d. um leiðir til að ljúka náminu eða annað sem snýr að starfsþróun þátttakanda.